



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í kvöldverði
til heiðurs
Hennar Hátign Margrethe II Danadrottningu
í tilefni af
350 ára afmæli Árna Magnússonar
Bessastöðum
12. nóvember 2013**

Ræðan er flutt á dönsku. Íslensk þýðing.

Yðar hátign
Ráðherrar
Kæru gestir

Það er að sönnu mikil ánægja að bjóða Hennar Hátign Drottningu Danmerkur, Margrethe Þórhildi sem Íslendingar nefna gjarnan stoltir og með vinarbrag Yðar Hátign, innilega velkomna til Bessastaða; enn á ný til hins forna konungsgarðs, höfuðbólsins sem setið var um aldir af fulltrúum forfeðra Yðar og skipar sérstakan sess í sameiginlegri sögu Íslands og Danmerkur.

Með þessari heimsókn eruð Þér sá þjóðhöfðingi erlendur sem oftast hefur setið til borðs hér á Bessastöðum, í senn skemmtileg sönnun á einstakri vináttu þjóða okkar og um leið vitnisburður um að enn erum við að bæta nýjum köflum við söguna.

Þó verður ætíð sá kafli sem helgaður er Árna Magnússyni og handritunum sá merkasti, enda efniviðurinn þær gersemar sagna og ljóða sem eru hornsteinar íslenskrar menningar. Um aldir var í Kaupmannahöfn bókhlaðan og fræðasetrið, lærdómshofið sem skerpti sýn Íslendinga á gildi handritanna.

Því er það okkur mikil gleði að Yðar Hátign hefur komið til Íslands til að vera með okkur við hátíðarhöldin á morgun. Þeim tíðindum fagna allir Íslendingar innilega.

Hér í kvöld getum við líka glaðst yfir hve farsælega handritunum var fyrir tæplega hálfri öld fundinn sess til frambúðar; í stofnunum sem þjóna eiga í senn rannsóknum og nýsköpun í fræðum hinna fornu sagna og er ánægjulegt að hafa fulltrúa þess samfélags fræða og menningar með okkur hér í kvöld.

Eins og Þér vitið skrifaði Nóbelskáldið Halldór Laxness mikla skáldsögu, Íslandsklukkuna, þar sem persóna Árna Magnússonar og æviverk verða helsta efnisnáma skáldsins sem óf slíkan galdravef að í hugum Íslendinga renna ævintýri og örlög sögupersónunnar Arnas Arnæus saman við ævi fyrirmyndar hans sem við heiðrum á morgun; Snæfríður Íslandssól ástin sem hann fórnaði fyrir handritin og Jón Hreggviðsson, kotbóndinn sem flæktist frá dýflissunni hér á Bessastöðum til Kaupmannahafnar þar sem nafni hans kenndur við Grindavík átti enga köllun æðri en að annast handritin og svo að fá fréttir af furðudýrum, göldrum og huldufólki á Íslandi.

Þessi flétta skáldskapar og sögunnar er okkur Íslendingum svo heilög og sönn að sjálfsagt þótti við opnun Þjóðleikhússins fyrir meir en sextíu árum að sýning á Íslandsklukkunni væri þar meðal höfuðverka og persóna morgundagsins gengi fram á sviðið ásamt öðrum, mótuð af penna skáldsins.

Hver veit nema andi þess galdurs sé líka á kreiki hér í kvöld enda koma Bessastaðir margvíslega við þá sögu.

Kæru gestir.

Ég bið ykkur að rísa á fætur og lyfta glösum til heiðurs Hennar Hátign Margrethe Drottningu, til heilla náinni vináttu Íslendinga og Dana og í virðingarskyni við alla þá sem um aldir varðveittu handritin, mestu dýrgripi Íslendinga.